

## ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS

frá 21. febrúar 1994

um lágmarkskröfur vegna innréttunga og búnaðar sem tiltekin lítil fyrirtæki þurfa að uppfylla til að tryggja dreifingu fiskafurða í Grikklandi

(94/117/EB)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

strandsvæðum í Grikklandi þar sem erfitt er um aðföng.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

2. gr.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 91/493/EBE frá 22. júlí 1991 um hollustuhætti við framleiðslu og markaðssetningu fiskafurða <sup>(1)</sup>, einkum 14. gr.,

Starfsstöðvarnar sem um getur í 1. gr. skulu uppfylla lágmarkskröfur um innréttingar og búnað eins og mælt er fyrir um í viðaukanum.

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

3. gr.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Á sumum eyjum og tilteknum strandsvæðum í Grikklandi geta verið sérstakir erfiðleikar með aðföng sökum þess hve einangruð eða afskekkt þau eru.

Lögbært yfirvald í Grikklandi skal sjá til þess að lágmarkskröfurnar sem mælt er fyrir um í viðaukanum eigi við starfsstöðvarnar sem um getur í 1. gr., að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

Á þessum eyjum og strandsvæðum eru litlar fiskreykingar- og söltunarstöðvar sem eru mikilvægar fyrir framboðið á staðarmarkaðinum þar sem þessar stöðvar eru til húsa.

— árleg framleiðsla starfsstöðvar á söltuðum eða reyktum afurðum fari ekki yfir 36 tonn,

— markaðssvæði umræddra afurða afmarkist annaðhvort af eyjunni sem starfsstöðin er á eða sé innan 50 km radíuss frá starfsstöðinni,

Til að koma í veg fyrir að þessar litlu starfsstöðvar hverfi er nauðsynlegt að til þeirra verði gerðar lágmarkskröfur vegna innréttunga og búnaðar og slakað á kröfum sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/493/EBE, þar til tekist hefur að yfirstíga þessa sérstöku erfiðleika á þessum eyjum og svæðum.

— afurðirnar séu ekki auðkenndar samkvæmt f-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 91/493/EBE heldur beri innlent merki sem geri lögbæra yfirvaldinu kleift að hafa eftirlit með dreifingu vörunnar.

Til að komast hjá röskun á samkeppni innan bandalagsins verður til viðbótar við þessar lágmarkskröfur að setja takmarkanir að því er varðar framleiðslumagn starfsstöðva og markaðssvæði umræddra vara.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Fiskafurðir sem eru framleiddar á þessum litlu starfsstöðvum eru ætlaðar til framboðs á staðbundnum markaði og eiga ekki að vera auðkenndar eins og tilgreint er í f-lið 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 91/493/EBE.

Hún skal gilda frá 1. janúar 1993.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

Gjört í Brussel 21. febrúar 1994.

1. gr.

Fyrir hönd ráðsins,

Þessi ákvörðun skal gilda fyrir tiltekna starfsstöðvar sem eingöngu reykja og salta fiskafurðir á eyjum eða tilteknum

G. MORAITIS

forseti.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 268, 24. 9. 1991, bls. 15.

## VIÐAUKI

**Lágmarkskröfur vegna innréttinga og búnaðar**

Almenn skilyrði um húsnæði og búnað sem kveðið er á um í I. þætti III. kafla viðaukans við tilskipun 91/493/EBE skulu gilda að undanskildum eftirfarandi ákvæðum:

1. Í c-lið 2. liðar að því er varðar loft eða loftklæðningu og í g-lið 2. liðar að því er varðar krana sem ekki eru handstýrðir.
  2. Í 3. lið að því er varðar kæligeymslu í hverri starfsstöð, að því tilskildu að starfsstöðvarnar hafi aðgang að sameiginlegri kæligeymslu sem uppfyllir skilyrðin í tilskipun 91/493/EBE og að hún sé nálægt starfsstöðvunum.
  3. Í 6. lið að því er varðar flát fyrir úrgang og aðskilin svæði til geymslu þeirra.
  4. Í 9. lið að því er varðar búningsherbergi, handlaugar og vatnssalerni.
  5. Í 10. lið að því er varðar herbergi sem hægt er að læsa og eingöngu er ætlað starfsmönnum skoðunarþjónustunnar.
  6. Í 11. lið að því er varðar viðeigandi búnað til þess að þrifa og sótthreinsa flutningatæki.
-